

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, A áfanga.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 31. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Goðanes 3 sem er innan deiliskipulags fyrir Krossaneshaga, A áfanga.

Breytingin tekur til Goðanes 3 og felur í sér að bygging verði með einhalla þaki og verður mesta vegg hæð 12 m. Fyrra skipulag gerði ráð fyrir mænispaki með mestu mænishæð 12 m og mestu vegg hæð 9 m. Leiðbeinandi gólfkóti hækkar um 15 cm. Gólfkóti verður 46,65 m með möguleika á hækkun/lækkun um +/- 25 cm. Gólfkóti var áður 46,5 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 12. febrúar 2024,*

**Einar Sigþórsson** verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 12. febrúar 2024